

# STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1993

---

---

15. apríl 1993

309

Nr. 161

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu tolla af nokkrum landbúnaðarvörum vegna sérstaks samkomulags milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

#### 1. gr.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um niðurfellingu tolla af tilteknum landbúnaðarvörum, sem undirritað var 2. maí 1992, fellur niður tollur af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum frá og með 15. apríl: 0603.1001, 0702.0001, 0703.1001, 0703.2000, 0705.1101, 0707.0001, 0709.2000, 0709.3000, 0709.6002, 0709.9009, 0710.2900, 0710.8001, 0712.9009, 2401.1000, 2401.2000, 2401.3000.

Ofangreind niðurfelling tolla tekur til allra vara sem teljast upprunnar innan Efnahagsbandalags Evrópu samkvæmt ákvæðum samkomulagsins um upprunareglur.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og tekur til allra vara sem voru ótollafgreiddar 15. apríl 1993.

*Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1993.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

---

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir.*